

Verkefni sem sett verða í frekari úrvinnslu

Verkefni	Starfshópur	Ábyrgð	Lokið fyrir	Lýsing
Fjárhagsleg samskipti við ríkið	EBB/MR/DJB/LME SHJ/HBR	EBB	Samþykkt fjárh.áætlunar 2017	Skipaður verð starfshópur sem hafi það hlutverk að fara sérstaklega yfir tiltekin verkefni er snúa að fjárhagslegum samskiptum við ríkið þar sem sveitarfélagið telur að hallað hafi á það. Sérstaklega verði litið til reksturs hjúkrunarheimila (ÖA), sjúkraflutninga, öryggisgæslu, menningarmál, prentskil o.fl. og leitast við að koma málum í ásættanlegan farveg.
Íbúakort	Akureyrarstofa ÞD/AFE	MR	31.10.2016	Kannaðir verði kostir þess og gallar að taka upp íbúakort. Verkefnið verði jafnframt kostnaðarmetið og tillögur gerðar um útfærslu.
Sala eigna og bætt nýting eigin fasteigna	GF/DJB/EBB/LME/H BR	LME	Samþykkt fjárh.áætlunar 2017	Hópi stjórnenda verði falið að kanna möguleika á sölu tiltekinna eigna og bættri nýtingu fasteigna sveitarfélagsins með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði til lengri tíma litið. Í þessu sambandi verði litið til möguleika á að selja eignir sem ekki nýtast í rekstri sveitarfélagsins og leitað leiða til að auka hagkvæmni í eignaumsýslu. Skoðaðir verði möguleikar til að draga úr aðkeyptri leigu í þeim tilvikum þar sem slíkt verður metið hagkvæmt.
Fjárhagsáætlanaferli og gagnagrunnur	EBB/DJB/GG	GBG	1.1.2017	Fjárhagsáætlanaferli sveitarfélagsins verði yfirfarið og tillögur gerðar að breytingum á því. Sérstaklega verði litið til þess að færi tiltekna verkþætti frammar í tíma, tryggja samræmi í framsetningu gagna og vinnulagi við gerð áætlana.
Úttekt á mönnun og starfsmannamálum rekstrareininga	Velferðarráð	SHJ	31.12.2016	Gerð verð sérstök úttekt á mönnun og fyrirkomulagi starfsmannamála með aðkomu ráðgjafa. Verkefnið miði að því að stuðla að skilvirkni og aukinni hagkvæmni í starfseminni.
Skoðun á stjórnunar- og sameiginlegum kostnaði	Bæjarráð	EBB	Samþykkt fjárh.áætlunar 2017	Gerð verði greining á sameiginlegum kostnaði hjá sveitarfélaginu með sérstakri áherslu á starfsemi ráðhúss með samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög. Leitað verði leiða til að draga úr stjórnunarkostnaði þar sem tækifæri kunna að vera til.
Samstarf sveitarfélaga	Bæjarráð	GBG/MR/ LME	Halda fund fyrir 15.9.2016	Áfram verði unnið að góðu samstarfi við önnur sveitarfélög og áhersla lögð á aukna samvinnu við nágrennasveitarfélögin.
Samræming í atvinnumálum	Bæjarráð/ Atvinnumálan.	LME	1.1.2017	Kannaðir verði möguleikar á að auka hagkvæmni og skilvirkni í þeim verkefnum á sviði atvinnumála sem Akureyrarbær hefur aðkomu að. Þar má nefna Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Eyþing, Markaðsstofu Norðurlands, starf atvinnumálafulltrúa sveitarfélagsins o.fl.
Þétting byggðar	Skipulags- nefnd BJ/HMP/LME	TMI	31.10.2016	Stjórnendum á sviði skipulagsmála og verklegra framkvæmda verði falið að vinna að tillögum um þéttingu byggðar. Lagt verði mat á fjárhagsleg áhrif af þéttingu byggðar í bráð og lengd.
Rafræn stjórnsýsla	DJB/JBG/AFE /PJP/EDG	MR	Yfirfara þau gögn sem þegar er búið að vinna	Hópi stjórnenda verði falið að leggja mat á kosti þess og galla að taka upp og innleiða rafræna stjórnsýslu í auknum mæli. Mat verði lagt á kostnað slíks verkefnis, væntan ávinning og mögulegar tímasetningar.

Verkefni sem sett verða í frekari úrvinnslu

Verkefni	Starfshópur	Ábyrgð	Lokið fyrir	Lýsing
Rekstur SVA	Framkv.ráð HMP/JV	HBR	Samþykkt fjárh.áætlunar 2017	Gerð verði úttekt á rekstri SVA. Jafnframt verði gerð úttekt á leiðakerfi SVA í því augnamiði að auka skilvirkni og bæta þjónustu.
Samstarf við Norðurorku hf.	DJB/GBG/HJ/GKA	GBG	30.6.2016	Skipaður verði samráðshópur sem skoði leiðir til að nýta betur samlegð í rekstri sveitarsjóðs (A-hluta) og Norðurorku hf. Tilgreind verða nokkur valin verkefni sem hópnum verði falið að skoða sérstaklega.
Samstarf við Hafnasamlag Norðurlands	EBB/MR/DJB/LME GBG	EBB	Samþykkt fjárh.áætlunar 2017	Skoðaðar verði leiðir til nýta eins og kostur er samlegð í rekstri sveitarsjóðs (A-hluta) og Hafnasamlags Norðurlands. Meðal annars verði litið til möguleika um samvinnu á sviði framkvæmda, viðhalds og yfirstjórnar.
Straumlínustjórnun (LEAN)	Bæjarráð/DJB	SBS	1.1.2017	Gerð verð tilraun með að nýta kosti straumlínustjórnunar (e. LEAN management) á tilteknum sviðum rekstrarins. Ákvarðanir um frekari hagnýtingu þessarar aðferðafræði við stjórnun verði teknar með hliðsjón af árangri tilraunaverkefnisins.
Rekstur bifreiðastæðasjóðs	HMP/DJB/LME/ HBR	LME	30.6.2017	Skoðaðir verði kostir þess og gallar að taka að nýju upp stöðugjöld á bifreiðastæðum í eigu Bifreiðastæðasjóðs eða breyta gjaldtöku með öðrum hætti. Fjárhagsleg áhrif af breytingu frá núverandi fyrirkomulagi verði metin auk annarra áhrifa sem slíkar breytingar kynnu að hafa í för með sér.
Samræming á styrkveitingum A- og B-hluta	Bæjarráð ÞD/DJB/EÖE/KBR	KBR	Samþykkt fjárh.áætlunar 2017	Mótuð verði stefna um styrkveitingar sveitarfélagsins sem tryggji samræmi í styrkveitingum aðalsjóðs og B-hluta fyrirtækja.
Sveigjanleiki í starfsmannamálum og nýtingu mannauðs	HMT/EHE/IÓE/ GBG/GG	GBG	Fyrstu drög 31.10.2016	Skoðaðar verði leiðir til að auka sveigjanleika í starfsmannastjórnun og nýtingu mannauðs hjá sveitarfélaginu.
Mánaðarleg skýrsla til bæjarráðs um stöðugildi og yfirvinnu	Bæjarráð DJB/HMT	GBG	1.8.2016	Útbúin verði skýrsla á aðgengilegu formi sem sýni á skýran hátt þróun í fjölda stöðugilda frá mánuði til mánaðar auk yfirvinnulauna og yfirvinnustunda í hverjum mánuði með greiningu niður á málaflokka og deildir. Skýrsla þessi verði lögð fram í bæjarráði mánaðarlega samhliða birtingu mánaðarlegra fjárhagsyfirlita.
Greining á starfslýsingum og leiðir til að fækka stöðugildum	Allar nefndir og embættismenn	EBB	Áfangaskýrsla 15.9.2016 lok 1.1.2017	Stjórnendum með mannaforráð verði falið að fara yfir starfslýsingar allra starfsmanna sveitarfélagsins og kanna möguleika til aukinnar skilvirkni í starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Hliðsjón verði höfð af samanburði við önnur sveitarfélög eftir því sem við á og lagt mat á tækifæri sem kunna að vera til að fækka stöðugildum og draga þannig úr launakostnaði til lengri tíma litið.

Verkefni sem sett verða í frekari úrvinnslu

Verkefni	Starfshópur	Ábyrgð	Lokið fyrir	Lýsing
Yfirferð á fyrirkomulagi snjómoksturs	Framkv.ráð HMP/SBS	HBR	1.11.2016	Farið verði yfir skipulag á snjómokstri hjá sveitarfélaginu og kannaðar leiðir til þess að draga úr kostnaði og/eða bæta þjónustu við vegfarendur. Í þessu sambandi verði litið til snjómoksturs og hálkuvarna annars vegar á götum bæjarins og gangstígum hins vegar.
Opnunartími leikskóla	Skólanefnd SV/EHE/LME	LME	Samþykkt fjárh. áætlunar 2017	Kannaðir verði kostir og gallar þess að breyta sumarlokun leikskóla. Jafnframt verði skoðaður opnunartími leikskóla almennt.
Hagnýting tækni í skólum	Skólanefnd SV	GG	Fyrstu tillögur 1.11.2016	Unnið verði að tillögum um aukna hagnýtingu tækni í kennslu og fræðslustarfi hjá sveitarfélaginu með það að leiðarljósi að bæta þjónustu og draga úr kostnaði til lengri tíma litið.
Auknir tekjumöguleikar	Atvinnumálanefnd /bæjarráð	MR	Fyrstu tillögur 1.11.2016	Skoðaðir verði möguleikar til að fjölga störfum á Akureyri með það að markmiði að auka tekjuflæði inn í bæjarsjóð